

Þriðjudaginn 5. desember 1995.

Nr. 393/1995.

Árni Gunnarsson

gegn

Helga Birgissyni

Kærumál. Frávísun frá Hæstarétti. Lögmannafélag Íslands.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 5. nóvember 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 27. nóvember. Kærð er ákvörðun stjórnar Lögmannafélags Íslands 20. september 1995, sem tilkynnt var sóknaraðila í bréfi 21. sama mánaðar og áréttuð 30. október 1995. Sóknaraðili krefst þess, að ákvörðun þessi verði felld úr gildi.

Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka.

I.

Í janúar 1995 leitaði sóknaraðili til Lögmannafélags Íslands vegna ágreiningsefna út af störfum varnaraðila í tengslum við aðalfund Suðurnesjaverktaka hf., en hann var haldinn 13. ágúst 1991. Stjórn lögmannafélagsins hafnaði erindi sóknaraðila í febrúar 1995.

Sóknaraðili leitaði aftur til stjórnarinnar vegna málefna hlutafélags þessa, og var málaleitun hans hafnað á fundi hennar 20. september 1995 með svofelldri bókun: „Mál þetta snýst í raun um túlkun á samþykktum Suðurnesjaverktaka hf., hverjir hafi haft heimild til að gerast hluthafar í félaginu og þar með öðlast atkvæðisrétt á hluthafafundum, svo og, hvernig atkvæðarétti var háttað á aðalfundinum þann 13. ágúst 1991. Að mati stjórnar LMFÍ eru málavextir með þeim hætti og ágreiningur um þannig atriði, að ekki sé á valdsviði stjórnarinnar að fjalla um þau. Þá vill stjórnin geta þess að hún fjallar ekki um meinta bótaskyldu Helga Birgissonar hdl., þar sem slík umfjöllun fellur utan valdsviðs hennar.“

Enn sneri sóknaraðili sér til lögmannafélagsins í október sl. og óskaði meðal annars álits um, hvort háttsemi varnaraðila á fyrrnefndum aðalfundi samrýmdist 1. gr. siðareglna félagsins. Í bréfi fé-

lagsins til sóknaraðila 30. október 1995 var ósk hans hafnað með vísun til álits stjórnarinnar frá 20. september 1995. Kærði sóknaraðili þessar ákvarðanir, eins og fyrr greinir.

II.

Heimild til að kæra til Hæstaréttar úrskurði stjórnar Lögmannafélags Íslands er í 4. mgr. 8. gr. laga nr. 61/1942 um málflytjendur, eins og ákvæðinu var breytt með 161. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. ákvæði til bráðabirgða og b-lið 3. gr. laga nr. 24/1995 um breytingu á lögum nr. 61/1942.

Sóknaraðili gerir ekki kröfur á hendur varnaraðila, heldur leitar hann álits á tilteknum atriðum tengdum störfum varnaraðila vegna aðalfundar Suðurnesjaverktaka hf. árið 1991 og finnur að þeim. Verður málaltilbúnaður hans því ekki studdur við 3. mgr. 8. gr. laga nr. 61/1942, en þar segir, að stjórn Lögmannafélags Íslands geti veitt einstökum félagsmönnum áminningu og gert þeim að greiða sekt fyrir framferði í starfa þeirra, er telja má stéttinni ósamboðið. Mála-leitun sem þessi getur eftir atvikum leitt til þess, að stjórn Lögmannafélags Íslands beiti viðurlögum á hendur lögmonnum samkvæmt því, sem segir í 3. mgr. 8. gr. laga nr. 61/1942. Það hefur stjórnin ekki gert í þessu máli, heldur vísað erindi sóknaraðila frá. Ákvæði 4. mgr. 8. gr. laga nr. 61/1942 með áorðnum breytingum ber að skýra svo, að heimild í þeirri málsgrein til að kæra úrlausn máls samkvæmt 3. mgr. sömu greinar sé einungis í höndum þess, er sætir viðurlögum eftir því ákvæði laganna. Brestur sóknaraðila því heimild til að kæra mál þetta. Þegar af þessari ástæðu ber að vísa málinu frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Kærumáli þessu er vísað frá Hæstarétti.
